100 30. júlí **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um umburðarbrjef til allra lögreglustjóra út af farmannalögunum 22. marz þ. á.**

Um leið og jeg hjálagt sendi yður, herra landshöfðingi, nokkur eintök af umburðarbrjefi til allra lögreglustjóra utan Kaupmannahafnar, útgefnu af dómsmálastjórninni, þar sem þeim eru tjáðar nauðsynlegar fyrirskipanir með tilliti til aðgjörða þeirra, sem í 2., 4., 5. og 52. gr. farmannalaga 22. marz þ. á. er gjört ráð fyrir að ýmsir valdsmenn í konungsríkinu inni af hendi, og jafnframt get þess, að dómsmálaritaranum við sjómála- og verzlunarrjettinn í Kaupmannahöfn, lögreglustjóranum sama staðar og lögregluembættismönnunum á Færeyjum hefur verið gjörð vísbending á sama hátt, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að þjer þóknanlega leggið fyrir alla lögreglustjóra á Íslandi, að inna samskonar störf af hendi gagnvart dönskum skipum, þegar svo kann undir að bera, og eins stendur á.

101 UMBURÐARBRJEF

til allra lögreglustjóra utan Kaupmannahafnar.

Að þar til gefnu tilefni vill dómsmálastjórnin, jafnframt því að leiða athygli yðar að 2., 4., 5. og 52. gr. í íslenzkum farmannalögum 22. marz þ. á. (nr. 14 í viðbæti við lögtíðindi 1890), þjónustusamlega skora á yður, að þjer samkvæmt reglum þeim, sem nákvæmar eru teknar fram í nefndum lagagreinum:

1. löggildið kauplaust leiðarbók þá, sem lögboðin er í 1. gr. laganna, þegar svo ber undir, sem ráð er fyrir gjört í 2. gr., að bókin verði útskrifuð á langri ferð, og þá samkvæmt nefndri grein getið þess í hinni eldri bók.
2. sömuleiðis kauplaust ritið í leiðarbækur vottorð þau, sem um ræðir í 4. og 5. gr.
3. takið á móti skýrslu um afbrot þau, sem framin hafa verið, þegar svo ber undir sem ráð er fyrir gjört í 52. gr., rannsakið afbrotið, og gjörið þann úrskurð og ef til kemur þær ráðstafanir, sem um ræðir í lagagreininni.

Því skal við bætt, að kostnaður sá, sem af síðastnefndum ráðstöfunum leiðir, mun verða endurgoldinn af ráðgjafanum fyrir Ísland, er til hans er leitað gegnum dómsmálastjórnina.

I dómsmálastjórninni, 26. júní 1890.

J. Nellemann.

E. Hvidt
fm.

98 (framh.) **Skýrsla**

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 16.—18. júní 1890.

(Framh.) Amtsráðið ályktaði, að 600 kr. af sjóðnum skyldu greiðast í sýslusjóð Eyjafjarðarsýslu, til endurgjalds framlagi til skólans á árinu 1883, og 4 % leigum frá 1883—1888 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 2. og 3. júní 1885, 26, Stjórnartíðindi 1885, B, bls. 94, og skýrslu um fund amtsráðsins, 28. og 29. júní 1888, Stjórnartíðindi 1888, B, bls. 114).

Amtsráðið ályktaði, að hluti Búnaðarskólasjóðsins frá Eyjafjarðarsýslu að öðru leyti og frá Suður-Þingeyjarsýslu, skyldi afhendast stjórnarnefnd skólans,